

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Ásatúnsvallarland.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Ásatúnsvallarlands, L218490. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, hesthúss eða skemmu auk allt að 6 ferðaþjónustuhúsa. Samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júní 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 20. júní 2023